

## KÖNNUN UM AÐGENGI FYRIRTÆKJA AÐ FJÁRMAGNI (E. SURVEY ON THE ACCESS TO FINANCE OF ENTERPRISES, SAFE)

Kæri viðtakandi,

Rannsóknarfyrirtækið Panteia, sem framkvæmir rannsóknir á sviði stefnumótunar, og sjálfstæða markaðsrannsóknarfyrirtækið, GDCC, sem bæði eru með höfuðstöðvar í Hollandi, sjá um framkvæmd mikilvægrar könnunar fyrir hönd framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og Seðlabanka Evrópu og vilja þau bjóða fyrirtækinu þínu að taka þátt.


Framkvæmdastjórnin og Seðlabanki Evrópu vilja átta sig betur á þeim málefnum og kringumstæðum, sem smá, meðalstór og stór fyrirtæki, sem ekki eru fjármálafyrirtæki, standa frammi fyrir þegar kemur að aðgengi að fjármagni frá bönkum og öðrum fjármögnunarleiðum. Könnunin er framkvæmd um alla Evrópu og munu svör hennar hjálpa framkvæmdastjórninni við stefnumótun um bætt aðgengi fyrirtækja, eins og þíns, að fjármagni og Seðlabanka Evrópu við gerð peningamálastefnu sinnar.

Það tekur um 15 mínútur að framkvæma viðtölin í síma en þau verða gerð í samræmi við alþjóðakóða ICC/ESOMAR um markaðs- og samfélagsrannsóknir. Það þýðir að farið verður með svörin þín sem algjört trúnaðarmál. Við viljum ræða við þann einstakling, sem bestur er til þess fallinn að ræða um fjármál fyrirtækisins þíns. Ef þú ert ekki sá einstaklingur skaltu láta okkur vita þegar við höfum samband við þig næst í síma. Viðtölin munu fara fram á næstu vikum.

Ef þú getur tekið þátt munum við senda þér samantekt á helstu niðurstöðunum þegar rannsókninni lýkur.

Ef þú vilt fá frekari upplýsingar um verkefnið skaltu hafa samband við GDCC í gegnum [survey.accesstofinance@gdcc.com](mailto:survey.accesstofinance@gdcc.com) eða Seðlabanka Evrópu í gegnum [survey.accesstofinance@ecb.europa.eu](mailto:survey.accesstofinance@ecb.europa.eu).

Virðingarfyllst,



Ioannis Ganoulis  
Forstöðumaður á sviði  
hagskýrsla um peningamál og  
efnahagslíf  
Seðlabanka Evrópu



Kristin Schreiber  
Director, COSME Programme,  
DG Internal Market, Industry,  
Entrepreneurship and SMEs,  
European Commission